

Lést af völdum raf- losts á Egilsstöðum

Egilsstöðum, 23. apríl.
BANASLYS varð á Egilsstöðum á sunnudaginn, er krani flutningabífar rakst í 11 þúsund volta háspennulínu með þeim afleiðingum að ökuðurinn lést samstundis.

Maðurinn sem lést hét Þorleifur Jóhannsson, frá Þrándarstöðum í Eišaþinghá. Hann lætur eftir sig konu og son. Þorleifur var fæddur 24. febrúar 1951, og var því 28 ára er hann lést.

Tildrög slyssins voru þau, að

Þorleifur ætlaði að flytja til jarð-
ýtu ásamt öðrum manni, og ætluðu
þeir að taka hana upp á tengivagn.
Fór Þorleifur til að sækja tengi-
vagninn, en félagi hans fór beint
að jarðýtunni, sem var á öðrum
stað. Mun hann hafa verið að festa
tengivagninn aftan í bifreiðina, er
kraninn rakst í háspennulínuna,
en slysið varð á Fagradalsbraut og
urðu engin vitni að því. Vegfar-
andi, sem var að koma inn í þorpið
frá Fagradal, varð slyssins fyrst
var, og var Þorleifur þá látinn.

— Jóhann.

Fluttu 30 þúsund seiði til Noregs

Húsavík, 23. apríl.
Í GER voru flutt út frá Laxeldis-
stöðinni Norðurlaxi á Laxamýri
til Moldö í Noregi 30 þúsund
laxaseiði af sjögöngustærð. Mikla
nákvæmni þarf við flutninga á
slíkum farni, en ferðin gekk öll
samkvæmt áætlun.

Um kl. 9 í gærmorgun lenti
flutningavél frá Iscargó á Húsa-
víkurlugvelli. Þá var strax hafist
handi við að ganga frá flutningi
seiðanna og hlaða vélna. Seiðin
eru sett í plastpoka sem fylltir eru

með vatni og síðan er dælt í hvern
poka ákveðnu magni af súrefni.
Þökkun og hleðsla tóku ekki nema
rúma klukkustund og var þá strax
lagt af stað og komið til Moldö
eftir 3 klst. flug. Með slíkan farn
þarf að fljúga lægra en venjulega
svo að plastpokarnir springi ekki
og var flogið í 9 þúsund feta hæð
og eins og áður segir gekk allt að
ósukum. Þetta er í annað skipti sem
þetta fyrirtæki flytur út laxaseiði
til Noregs, en í hitteðfyrri flutti
það út 25 þúsund seiði.

Fréttaritari.

Hjálparstofnun kirkjunnar:

60 milljónir hafa safnast

SÖFNUN sú sem Hjálparstofnun
kirkjunnar og Lionshreyfingin
hófu 11. marz s.l. hefur að sögn
forráðamanna Hjálparstofnunar-
innar gengið mjög vel, en á
þessum tíma hafa safnast alls 33
milljónir króna og eru enn stór
framlög að berast t.d. komu 780
þúsund krónur í gærmorgun.

Geta má þess að kona í Hafnar-
firði tók að sér að heimsækja
fyrirtæki og stofnanir þar í bæ og
kom hún í gærmorgun á skrifstof-
u Hjálparstofnunarinnar með 1,8
milljónir króna. Áður en söfnunin
hófst höfðu borizt til Sjálfsbjargar
um 8 milljónir króna þannig að
sundlaugasjóður Sjálfsbjargar
nemur nú 41 milljón.

Sjóprófum framhaldið eftir nokkra daga

SJÓPRÓFUM vegna slyssins í m.s.
Tungufossi verður fram haldið
eftir nokkra daga, en sem kunnugt
er var þeim frestað s.l. föstudag
um óákveðinn tíma. Er beðið eftir
niðurstöðum athugana Rannsókn-
arlögreglu ríkisins og Öryggis-
eftirlits ríkisins.

Landsöfnun Hjálparstofnunar-
innar, „Braut handa hungurðum
heimi“, sem hófst í desember s.l.,
er nýlökíð en alls söfnuðust þar 37
milljónir króna. Landsmenn hafa
því gefið til safnana Hjálparstof-
nunar kirkjunnar um 60 milljónir
frá í desember til dagsins í dag og
vilja forráðamenn stofnunarinnar
koma á framfæri kærri þakklæti
til landsmanna fyrir góðar undir-
tektir.

Hækkun lyfjagjalds:

Allt að 60—90 þúsund króna útgjaldaaukning

FYRIR nokkru hækkadi lyfjagjald þ.e. sá hluti lyfjakostnaðar sem
sjúklingur greiðir sjálfur. Hækkadi gjaldið úr kr. 350 í 725 fyrir
innlend lyf, en úr kr. 650 í 2.000 fyrir erlend lyf. Sé lyfjakostnaður
hærri greiðir ríkið mismuninn, en sé hann lægri greiðir sjúklingur
hann allan. Mbl. spurðist fyrir um það hjá lyfsölu í gær hvaða
áhrif þessi hækkada hlutdeild sjúklunga hefði haft á fólk og voru
þeir sammála um að því brygði við og hækkunin hefði verið of mikil
í einu.

Kom fram að þurfi sjúklingur
a.m.k. mánaðarlega að fá 4—5
lyf erlend sem áður kostuðu
2.600—3.250, kosta nú kr. 8—10
þúsund og hefði það í för með
sér útgjalda- auka á ári er væri
kringum 60—90 þúsund krónur
og kæmi þessi mikla hækkun
verst við fullorðin fólk sem hefði
ekki aðrar tekjur en ellilífeyri.
Birgir Einarsson í Vesturbæj-
arapóteki sagði að þessi hækkun

væri of mikið stökk og fólk tæki
þessu fremur illa. Sagði hann að
gjaldið hefði litið hækkad frá
því þetta kerfi var tekið upp
fyrir nokkrum árum og hefði t.d.
síðustu 4 ár verið 650 kr. fyrir
erlend lyf. Kvað Birgir réttara
að láta gjald þetta fylgja betur
þeirri verðbólguþróun sem verið
hefði í landinu þennan tíma.

Werner Rasmussen í Ingólfs-
apóteki og formaður



Vélbáturinn Geir ÞH kemur inn til Þórshafnar á föstudag og mátti ekki seinni vera til að sleppa undan ísnum. Tveir Þórshafnarbátar eru fastir í ís í Krossavík og aðrir tveir eru lokaðir inni á höfninni á Þórshöfn. (Ljósmynd Mór Óskarsson).

Tveir Þórshafnarbát- ar enn fastir í ísnum

TVEIR Þórshafnarbátar voru enn í gærkvöldi fastir í ísnum í
vestanverðum Þistilfirði undan bænum Krossavík. Um borð í bátum
voru sex menn og var ekki talið að um þá væsti né að bátarnir væru í
hættu meðan veður breyttist ekki. Á þessum slóðum var í gær hæg
norðaustangola. Þriðji báturinn, sem festist í ísnum á fimmtudag,
Faldur, var dreginn út úr honum af varðskipinu Óðni í gær.

Eins og Morgunblaðið skýrði frá
á sunnudag lokuðust bátarnir þrír,
Litlanes, Fagranes og Faldur, inni
í ísnum á Þistilfirði á fimmtudag.
Rak ísinn þá með óvenju miklum
hraða inn fjörðinn og þvert á
goluna með fallinu. Fjórða bát-
um, Geir ÞH, tókst naumlega að
komast inn til Þórshafnar, en
innan við klukkutíma eftir að
hann komst þangað lokaðist höfn-
in vegna íssins.

Faldur, sem er 18 tonn að stærð,
var yztur bátanna undan Sauða á
Melrakkanesi. Þar var nokkur
kvika og dró varðskipið Óðinn
bátinn úr ísnum í gær, en hann
hafði þá nokkuð lamist utan í
ísinn. Stýrið hafði laskast, en
skipverjar notuðust við varastýrið
er þeir vitjuðu um tvær trossur. Í
gærkvöldi fór Faldur í var ásamt
Óðni og ætlaði frokmaður að
athuga skemmdir á botni Falds.

Litlanes, 12 tonn, og Fagranes,
sem er stærst bátanna þriggja, 51
tonn, komust inn á litla vök í
Krossavík undan bænum Krossa-

vík í Þistilfirðinum. Stutt var í
land og færði fólk af bænum
skipverjum vistir um helgina.
Hægt var að ganga landleiðina út í
bátana, en síðasta spólinn varð að
róa. Á Litlanes er fjögurra manna
áhöfn, en tveir mannanna fóru í
land á sunnudagskvöld. Á Fagra-
nesi er sex manna áhöfn, en í

bátum hafa verið fjórir menn
síðustu tvær nætur.

Höfnin á Þórshöfn er nú lokuð
og þar inni tveir bátar, Geir og
Hafrún. Róðurinn á föstudag var
þriðji róður Þórshafnarbáta síðan
19. marz, en dagana fyrir þann
tíma höfðu bátarnir átt í erfiðleik-
um vegna íssins. Þegar ísinn rak
inn fjörðinn á föstudag hefðu
bátarnir sennilegast sloppið við
þessa erfiðleika hefðu þeir haldið
austur fyrir en ekki vestur. — En
það er gott að vera vitur eftir á,
eins og menn sögðu á Þórshöfn í
gær.

Sjúkraflug til Reykja- víkur að nóttu eftir um- ferðarslys á Rífsvegi

ALVARLEGT umferðarslys var á
svokölluðum Rífsvegi, milli Rífs
og Hellissands á Snæfellsnesi, um
miðnætti á laugardagskvöld.
Fimmtán ára piltur frá Hellis-
sandi varð fyrir bfl, og slasaðist
alvarlega, og var hann um
nóttina fluttur með flugvél á
gjörgæsludeild Borgarspítalans.

Að sögn lögreglunnar í Ólafsvík í
gær, er hann þó ekki talinn í
líffhættu, og mun vera kominn til
meðvitundar.

Slysið varð með þeim hætti, að
tveir fólkubílar voru að mætast á
veginum, skammt þaðan sem tveir
dregir voru á gangi, fjórtán ára
og fimmtán ára. Ljós bifreiðar-
innar er á móti kom urðu þess
valdandi að ökuður bifreiðar-
innar er var á leið til Ólafsvíkur sá
piltana ekki fyrir en það var orðið
um seinan. Varð sá eldri fyrir
bílnum, en hinn slapp naumlega,
ómeiddur, en bifreiðin straukst við
hann.

Pilturinn sem slasaðist var
fluttur til Ólafsvíkur, þar sem
læknir gerði að sárum hans, en
síðan var hann fluttur um nóttina
með flugvél til Reykjavíkur, þá
meðvitundarlaus. Var í fyrstu
talið að hann væri höfuðkúpubrot-
inn, en svo reyndist ekki vera, og
var hann alveg óbrotinn. Hann
hafði hins vegar skorist illa í
andliti og hlotið slæman heila-
hristing.

Pilturinn sem slasaðist var frá
Hellissandi, en bifreiðin var frá
Ólafsvíki.

